

Stjórnarfundur FHB haldinn 02.07 2020 í gegnum síma.

Mætt eru: Sveinn Steinarsson, Heiðrún Ósk Eymundsdóttir, Vignir Sigurðsson og Eysteinn Leifsson

Sveinn setti fundinn og fór yfir dagskrá fundarins.

Sveinn fór yfir Landssýningu kynbótahrossa sem haldin var 27.júní að Rangárbökkum, þótti sýningin takast vel og almenn ánægja með sýninguna auk þess sem mæting hrossa var mjög góð, almenn ánægja var með streymið og tókst að gera öllu góð skil í útsendingunni, stjórnarmenn sem ekki komust á staðinn tóku undir þá ánægju.

Nú er spurning hvað verður gert með þetta myndefni til varðveislu til framtíðar, spurning hvort eigi að varðveita þetta í WF, hugmynd frá fundarmönnum að t.d yrðu afkvæmasýningarnar inn hjá hverjum afkvæmahestinum fyrir sig. Fundarmenn sammála um að Landssýningin verði aðgengileg á WF að LM ehf greiði FHB fyrir efnið.

Sveinn sagði að margir hefðu komið að máli við hann fyrir sýninguna og spurt hvort þetta yrði ekki örugglega haldið það sem Landsmót er ekki.

Þó nokkur umræða varð um hvort vert væri að breyta dómum á hrossum í kynningu á LM m.a með það að markmiði að kynna þau betur og stytta mótin. Sýningarstjórar Landssýningarinnar voru mjög ánægðir með fyrirkomulag hennar og töldu hana eiga framtíð fyrir sér.

Sveinn fór yfir rekstrarhlið sýningarinnar sem virðist í fyrstu vera í jafnvægi eftir að farið hefur verið gróflega yfir tekju- og kostnaðarhliðina en endanlegt uppgjör liggur fyrir eftir ca 2 vikur. Sveinn hafði á orði hversu vel Rangárbakkamenn stóðu sig vel við að gera svæðið klárt og alla aðstöðu.

Félagsaðild:

Þó nokkur umræða varð um þá nýju félagsaðild sem er í vinnslu hjá nýrri stjórn B.Í. þar sem Búgreinasamböndin verði beinir aðilar að B.Í en Búnaðarsamböndin verði lögð niður, lægsta félagsgjald verði 18.000 kr miðað við allt að 5 milljóna veltu. Stjórnarmenn voru á því að möguleiki verði á fækkun okkar félagsmanna með þessu fyrirkomulagi.

Stjórnarmenn telja að það vanti beinan ávinning með aðildinni til þess að við náum að halda okkar félagsmönnum, og viljum við beina þeirri spurningu til B.Í við gerð félagsaðildarinnar.

Farið var yfir lista þeirra aðila sem að sumarexemsverkefninu komu en til stendur að senda þeim þakkarbréf fyrir aðild þeirra að verkefninu.

Sveinn greindi frá því að þeir aðilar sem stóðu að upptökum á kynbótasýningum í vor haf haft samband sig varðandi það hvort félagið hefði tök á því að styðja við upptökur á þeim kynbótasýningum sumarsins sem eftir væru. Um væri að ræða mið- og síðsumarsýningu. Stjórn ræddi þann möguleika en fjárhagsleg geta félagsins býður ekki uppá það. Stjórn fagnar sannarlega framtaki Eiðfaxes og vonar að sú reynsla sem fékkst út úr þeirra vinnu hjálpi okkur við að finna leið til að innleiða það að kynbótasýningar verði teknar upp og vistaðar á WF

enda um gríðarlega verðmætar viðbótar upplýsingar að ræða sem styðja mikið við dómastörfin.

Fleira ekki gert.